

**3483. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,
22. desember 2021 og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og í lok fundar samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

Fyrir tekið:

1. 2009073 - Kirkjuhvoll - fasteignin Merkigerði 7

Minnisblað dags. 13. desember 2021 vegna Kirkjuhvols.

Bæjarráð samþykkir framlengingu leigusamnings aðila til og með 30. september 2022 og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

2. 2112166 - Akranes hses - húsnæðissjálfsseignarfélag

Stofnun Akranes hses.

Bæjarráð samþykkir að fresta málinu til aukafundar bæjarráðs sem fyrirhugað er að halda í byrjun janúar næstkomandi.

Samþykkt 3:0

3. 2112172 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar 2022 vegna Covid-19

Framlenging á ráðstöfunum bæjarráðs til endurgreiðslna vegna Covid- 19.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3479 þann 2. desember síðastliðinn að framlengja ráðstafanir út desembermánuð sem ráðið hafði samþykkt á fundi sínum nr. 3477 þann 11. nóvember og gildi fyrir nóvembermánuð.

Samþykktin var orðuð þannig:

Þann 5. nóvember sl. tók bæjarráð ákvörðun með hliðsjón af útbreiddu COVID-19 smiti hér á Akranesi að fella niður starfsemi í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólanum og frístundastarfi Akraneskaupstaðar föstudaginn 6. nóvember. Jafnframt var lágmarksstarfsemi í þessum stofnunum frá hádegi þann 5. nóvember og þess óskað að foreldrar ungra barna, sæktu börn sín um hádegisbilið þann sama dag.

Vegna þessarar ráðstöfunar samþykkti bæjarráð að í þeim tilvikum sem þjónusta leik- og grunnskóla, tónlistarskólanum og frístundastarfi fellur niður eða skerðist vegna samkomubanns, veikinda eða sóttkvíar starfsmanna eða af öðrum sambærilegum ástæðum verða gjöld fyrir viðkomandi þjónustu leiðrétt í samræmi við hlutfall skerðingarinnar. Í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustu vegna sóttkvíar eða COVID-19 veikinda verða gjöld leiðrétt hlutfallslega.

Ef foreldrar kjósa að nýta sér ekki þjónustu með vísan til tilmæla yfirvalda um að foreldrar og forráðamenn haldi börnum sínum heima ef kostur er á hið sama við.

Ofangreint nær til þjónustugjalda leik- og grunnskóla, tónlistarskólans og starfsemi frístundar í Þorpinu. Ákvörðunin er tímabundin og gildir frá hádegi fimmtudagsins 5. nóvember síðastliðinn og út nóvembermánuð næstkomandi.

Bæjarráð samþykkir framlengingu ráðstafana sbr. fundi ráðsins nr. 3479 frá 2. desember (3. dagskrárliður) og nr. 2488 frá 11. nóvember síðastliðnum (8. dagskrárliður) og að þær taki til tímabilsins frá og með 1. janúar til og með 31. janúar næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:15.